

# ALLSHERJARHÚS RÉTTVÍSINNAR

28. desember 2005

Til allra andlegra þjóðarráða

Kæru bahá'í vinir

Næstu vikur munuð þið vinna að samráði um megindrætti næstu fimm ára áætlunar sem lýst er í bréfi okkar frá 27. desember 2005 til ráðstefnu álfuráðanna. Við væntum þess að eftirfarandi ábendingar varðandi námsskrá þjálfunarstofnunarinnar komi ykkur að gagni í þeirri vinnu.

Þegar við lögðum áherslu á það í bréfi, 26. desember 1995, að þörf væri á skipulögðu þjálfunarkerfi, gerðum við okkur grein fyrir að ákveðnir þættir námsskrár sem uppfyllti þessi skilyrði voru til staðar í námsefni Ruhi stofnunarinnar. Það var engu að síður sannfæring okkar að sú reynsla sem þá hafði fengist, réttlætti ekki að við mæltum með einu og sama námsefni fyrir þjálfunarstofnanir um allan heim. Þess vegna hvöttu þau skilaboð sem við skrifuðum og sem voru skrifuð fyrir okkar hönd framan af fjögurra ára áætluninni, þjóðarráð og ráðgjafa til að halda opnum þeim möguleika að þjálfunarstofnanir notuðu hvert það námsefni sem þær teldu henta. Í ljósi þess hve erfitt er að gera heildstæða námsskrá, létum við hvað eftir annað í ljós það álit okkar, að vinnan við áætlunir mætti ekki bíða eftir ákvörðunum um námsefni sem drægjust á langinn, heldur yrði að notast við það efni sem þegar var til. Um allan heim var takmarkað til af slíku efni og þjóðarráð og þjálfunarstofnanir byrjuðu að nota bækur Ruhi stofnunarinnar þegar þau fréttu af þeim, sem oft var í gegnum ráðgjafana. Þegar leið að lokum fjögurra ára áætlunarinnar var orðið augljóst að samfélög í löndum þar sem unnið hafði verið af krafti eftir námskeiðaröð Ruhi stofnunarinnar stóðu langtum framar þeim sem reynt höfðu að þróa sína eigin námsskrá.

Það var þó fimm ára áætlunin sem varð til þess að sannfæra ráðgjafa, þjóðarráð og stjórnir þjálfunarstofnana hvarvetna um gildi námsskrárinnar frá Ruhi stofnuninni. Þegar sjöunda bókin í aðalnámskeiðaröðinni var kynnt í upphafi áætlunarinnar, varð það til þess að margir áttuðu sig betur á hinu nána samhengi sem er milli þess að fólk fari í gegnum námskeiðaröðina og þess hvernig umdæmi færast af einu vaxtarstigi yfir á það næsta. Satt að segja varð stofnunum á öllum stigum það ljóst eftir því sem árangur skilaði sér í hundruðum umdæma að innihald og skipulag aðalnámskeiðaraðarinnar bjó vinina undir að

inna af hendi þá þjónustu sem þurfti til að koma vaxtarferli umdæma af stað. Við útskýrum raunar hreyfiaflið í þessu samhengi í boðskap okkar 27. desember 2005.

Við höfum nú kynnt okkur áætlanir Ruhi stofnunarinnar um þróun námsskrár en þær byggja á æ meiri reynslu sem skapast hefur um allan heim, af því hvernig halda megi uppi stórfelldri útbreiðslu og treystingu. Við fögnum til dæmis þeirri ákvörðun stofnunarinnar að breyta bókinni sem nú skipar fimmta sætið í röðinni, í hliðargrein með röð námskeiða í framhaldi af bók 3 en hún undirbýr þá sem sinna bahá'í barnakennslu. Í staðinn kemur í fimmta sæti ný bók sem er ætlað að þjálfa hvetjara unglingshópa. Þá er ekki síður ánægjulegt að áttunda bókin í námskeiðaröðinni, sem er upphaf að flokki þar sem fjallað er um þjónustu við málstaðinn í stofnunum trúarinnar, mun taka á því málefni sem öllu skiptir, nefnilega sáttmálanum. Með þetta í huga, höfum við komist að þeirri niðurstöðu að bækur Ruhi stofnunarinnar skuli notaðar sem aðalnámskeiðaröð þjálfunarstofnana alls staðar, að minnsta kosti til loka fyrstu aldar mótunaráldarinnar meðan bahá'í samfélagið einbeitt sér að eflingu hópinnngöngufertilisins innan aðgerðarammans sem settur er fram í skilaboðunum frá 27. desember.

Með því að velja eina námsskrá sem allar þjálfunarstofnanir í heiminum eiga að nota í ákveðinn tíma, er ekki verið að hafa að engu fjölbreyttar þarfir og áhugamál vinanna í viðleitni þeirra til skilja og beita kenningum Bahá'u'lláh betur. Þessi ákvörðun kastar heldur ekki rýrd á þær tilraunir sem hafa verið gerðar til að þróa námskeið og kennslufni sem svarar þessum þörfum, né heldur er ætlunin að gefa í skyn að ein og sama námsskrá höfði endilega til allra. Það sem þessi ákvörðun felur hins vegar í sér er að núverandi kröfur um vöxt trúarinnar eru slíkar að þjálfunarstofnanir ættu ekki að reyna að koma til móts við allar þarfir og áhugamál vinanna.

Stofnanir trúarinnar munu áfram virða óskir þeirra sem af einhverjum ástæðum langar ekki að taka þátt í námsferli Ruhi stofnunarinnar. Þeim sem taka þessa afstöðu ætti að vera ljóst að þeim eru margar leiðir opnar til þjónustu, þar á meðal sú mikilvægasta, að kenna trúna, sem er æðsta skylda hvers bahá'ía. Dýpkanir ásamt sumar- og vetrarskólum, sem áfram gegna mikilvægu hlutverki í bahá'í samfélaginu, munu gefa þeim næg tækifæri til að dýpka þekkingu sína á kenningum trúarinnar. Það sem við höfum farið fram á við þessa vini og gerum enn, er að þeir láti ekki það sem þeir hafa dálæti á, hamla á nokkurn hátt gengi menntaferlis sem hefur sýnt fram á að geta svarað þörfum milljóna sálna af ólíkum bakgrunni. Hvað varðar annað kennslufni sem hefur verið gert og mun halda áfram að þróast, á þetta efni sér svo sannarlega sinn sess í bahá'í samfélaginu. Sumt má til dæmis nota sem dýpkunarefni í grasrót samfélagsins en öðru má breyta og aðlaga það þannig að hægt sé að nota í ítarnámskeið á hliðargreinum frá aðalnámskeiðum Ruhi stofnunarinnar.

Í þessu sambandi finnst okkur nauðsynlegt að útskýra hvað átt er við þegar talað er um hliðargreinar. Í skilaboðum okkar 9. janúar 2001 til ráðstefnu álfuráðanna, líktum við aðalnámskeiðaröðinni við trjástofn sem ber uppi önnur námskeið sem greinast út frá honum, þar sem hver grein fjallar um ákveðið svið. Námsefni í heilsufræði sem þróað var í Afríku gefur góða mynd af nokkrum einkennum slíkra námskeiða. Eftir áralanga þjálfun heilsugæsluliða til starfa í þorpum seint á níunda áratugnum og í byrjun þess tíunda, ákváðu nokkur bahá'í samtök að gera ítarlegt námsefni sem miðaði að því að búa fólk undir að takast á við margþætt heilbrigðisvandamál í heimabyggð. Þegar byrjað var að nota fyrstu námskeiðin eins og þau upphaflega voru sniðin, hafði þjálfunarferlið styrkst og það kom í ljós að þeir sem sótt höfðu Ruhi námskeið í bók eitt og tvö, voru betur búnir undir að heimsækja fjarskylda ættingja og vini til að tala um það sem snerti heilsufar. Fyrirkomulagi námskeiðanna var breytt þannig að þau gátu orðið hliðargrein í framhaldi af bók tvö, sem þátttakendur læra meðan þeir halda áfram námi í meginefninu. Tilraunir í þessa veru hafa borið ótvíræðan árangur. Þetta dæmi sýnir að greinar með ítar námskeiðum eru ekki samhengislaust samsafn af efni sem notað er á tilviljanakenndan hátt. Öllu heldur verður það að spretta upp úr raunverulegri reynslu og lúta ákveðnum rökum bæði hvað varðar efnistöð og samhengi við námsskrá þjálfunarkerfisins til þess að standast kennslufræðilegar kröfur. Enn fremur vísar sjálft hugtakið hliðargrein til þess að það bjóði upp á frekari þjálfun sem aðeins veki áhuga sumra þeirra sem taka aðalnámsefnið. Við vonum að þróun slíkra námskeiða, sem svara sértækum þörfum í samræmi við atburði líðandi stundar, verði eðlileg afleiðing af viðleitni blómstrandi samfélaga sem kappkosta að gera kenningar Bahá'u'lláh að veruleika – samfélaga sem nota þjálfunarefnið sem leið til að nýta reynslu sína skipulega og deila með sífellt stækkandi hópi þeim skilningi sem þau öðlast.

[undirritað: Allsherjarhús réttvísinnar]